Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

## FÁLKAORÐAN
## RANNSÓKNIR Á ÍSLENSKRI NÁTTÚRU

Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson sæmdi í gær dr. Jack Ives riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu fyrir rannsóknir á náttúru landsins og samvinnu við íslenska fræðimenn. Dr. Jack Ives hefur í hálfa öld stundað víðtækar rannsóknir á Íslandi. Þar ber hæst framlag hans til Skaftafellsþjóðgarðsins, rannsókna í Öræfum og á íslenskum jöklum.

Á þessu ári kemur út bók eftir dr. Jack Ives sem helguð er fjörtíu ára afmæli þjóðgarðsins í fjallar hún um 1000 ára sögu Skaftafells. Dr. Jack Ives átti á sínum tíma víðtaka samvinnu við Ragnar Stefánsson í Skaftafelli og aðra Öræfinga.

18. september 2007

*Myndir frá athöfninni má nálgast hjá Gunnari Vigfússyni ljósmyndara í síma 894 4404. Nánari upplýsingar veitir Örnólfur Thorsson forsetaritari í síma 896 3028.*